

Góprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

33. ISBN 978-9935-409-32-4

Urður Verðandi Skuld

örlög karma sankti Pétur með bók bergmál

Göia goði, Óðsmál,

<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080

*Dæmisaga: Snákurinn á arkínum hvíssaði
og vildi stinga eiturtungu þá sem um akurinn áttu leið,
og strákarnir vörðu sig með spýtum, lömdu snákinn.
Þá kom vítringur gangandi á sandölum yfir akurinn, og talaði við
snáksa, sagði honum að hætta að ullu svona tungunni að stráksum.*

Að hætta að stinga þá með eiturtungu sinni væri leið til friðar
mílli þeirra.
Strákarni voru nú hissa á að snákurinn ógnaði þeim ekki lengur,
og nú var í lagi að berja hann með spýtu því hann veitti ekki
viðnám. Þeir léku sér að því að nálgast hann og lemja hann.
Léku hann grátt í heimskulegum hefndarleik.
Vitringurinn átti aftur leið um, og sá að snákurinn kúrði hnípinn
og særður, og fékk skýringuna.
Snáksi minn, sagði vitringurinn. Ég það þig um að bíta ekki, en ég
sagði aldrei að þú skyldir ekki hvæsa og hvíssa og hissa á
strákabjána.

Eitt er að vera auli og undirlægja,
annað að lifa við reisu og hafa sjálfsvirðingu.
Eitt er árásgirni,
allt annað er að láta troða á sér.

dæmisögur segja eitthvað

t.d.:

ekki láta troða á ykkur,
aðeins skilja hvað veldur, þegar einhver er burðardýr Skuldar,
ekki bannað að hvæsa,
lífið við reisu.

Væri ekki gott fyrir þá sem lenda í einelti að þekkja til hlitar Urði
Verðandi Skuldu?

Nú vitum við að annað fólk er burðardýr Skuldar, og eigi við
fólkið sem slíkt að sakast, því það er fullt af gruggi og streitu,
hugsar ekki skýrt, og það skilur heldur ekki að Skuld er lögmál, og
að sumir óvart lenda í að koma Skuldu til skíla til réttis eiganda.

En er nokkurt vit í að láta lemja sig?
Er ekki komið úti eintóma vitleysu að vera masokísti,
sjálfspínangarfíkill, og telja sér trú um að gott sé fyrir syndarþvott
að líða og kveljast?

Presturinn sagði konunni að við kæmum hingað til að kveljast,
það væri Guðs vilji, og eigi sem við viljum
heldur sem Hann vill.

Aumingja konan trúði þessu, því presturinn var embættismaður
með háskólapróf og há laun, og þetta tal hans kallaðist
„launuð vinna þess sem veit, er lærður“.



Poste Vaticane, Lire 100
En samt var hún undir niðri hálfreið yfir því að konan við hliðina
á hafði allt af öllu og svokallaða hamingju.
Í næsta hús voru þau herra of frú Djóns sem margir bera sig
saman við.




 stríð -- jól
 ósvinna -- skilningur
 Snjallt jólalags-myndband með stríðsmyndum á,
 hermönnum í innrás,
 myndum af stríðshrjáðu fólki,
 börnum dánnum og deyjandi af sárum sínum,
 endar á setningunni: -Ef við förum eftir „auga fyrir auga“,
 endum við öll á að verða blind.

Urður Verðandi Skuld

örlög karman कर्मन्

sankti Pétur með syndaregistrum við Gullna hliðið



Skyldu UrðurVerðandiSkuld vera svona smámunasamar einsog st.Pétur í skrítlunni:
 -hérna stendur að hringitónninn á símanum hans hafir verið „Highway to Hell“

(Ath:

fyrri hluti þessa viðtals litlu kjaftforu völvu og Urðar Verðandi Skuldar er í þríeindum, í lok 3. skræðu. Þær eru þríeind.

Það upphaf viðtals er hér birt á ný, svo framhaldið einsog lofað var)

Litla kjaftfora völvu spyr:

-Segið mér nú, Urður, Verðandi og Skuld, hvort þið búið mönnum örlög?

-Búum og búum. Já líklega.

-Má með sanni kalla ykkur örlagagyðjur eða örlaganornir?

-Örlög og örlög. Já líklega svo.

-Hvaða humm og humm og líklega er hér í gangi?

-Það fer eftir skilningi manna hvort við búum og hvað örlög eru.
 Eigi skyli reyna að umflýja sína Skuldu, því enginn má sköpun renna.

Við erum lögmálið um að hver gjörð hefur sína mótgjörð.
 Svo sem hver maður sáir, þannig mun hann upp skera.
 Og erfðasyndina og allt það dótari erum við með á tæru.

gahanaa karmano gatih गहना कर्मनो गतिः

vegir gjörða eru órannsakanlegir Baghavadgíta IV 17,
 karma er gjörð, gatih götur vegir.

Ekki er neinn duttlungafullur hentistefnu-Guð að vasast í þessu, einsog sumir vilja þó vera láta.

-Eruð þið sankti Pétur með stóru bókina, syndaregistrið, við hið gullna hlið?

-Já og nei.

Og, jú og jú. Höldum utanum gjörðasúpuna.

Við búum ekki til örlög heldur hver maður sín.

Hver er sinnar gæfu smiður, litla völva.

Menn ættu að lifa, svadharma स्वधर्म , lifa sínu eigin lífi,
og Skuldu sína, sem er hin ljúfa skylda.

Paradharma, परधर्म , að lifa annarra manna lífi, býður heim hættu.

Urður Verðandi Skuld, náttúrulögmál: hver gjörð á sér samsvarandi
mótgjörð, það sem sett er af stað kemur aftur til gjörandans.

Ástæða og afleiðing.

Einfalt.

Menn fatta ekki hið mikla minni um gleymd atvik.

Hér eigum við ekki við Mími og Óðin, heldur um Urði og Verðandi.

Gjörðir mannanna t.d.


Vegir gjörða eru órannsakanlegir (Bhagavad Gita),

Urður Verðandi Skuld (/skylda) hvers og eins,

þar með talin fjölskylda sem hver og einn velur sér fyrir getnað sinn.

gahanaa (torskildar, þykkar, óskiljanlegar, djúpar, enginn nær yfirsýn)

karmano (gjörða) gatih (götur) गहना कर्मनो गतिः



gjörðafækjan


Og engin guð búa til örlög,
enginn Guð stjórnar lífi manna,

heldur verður hver og einn að stjórna sínum örlögum,
sínum gjörðum, hugsunum, vilja, löngunum.

Engin guð og enginn Guð hegnir,
enginn guð umbuna heldur.

Drottin gaf og drottinn tók er gjafir náttúrunnar og hið vitaða tvíeðli
heims,

að litlu hamingjurnar enda í missi,



rútsíban Þjóðvitnis og örlög




lífið svadharma, ekki paradharma स्वधर्म परधर्म eigin örlög ekki annarra örlög
það býður heim hættu við þróun manns að lifa annarra lífi

og menn eiga sín örlög, sína Skuldu.

Svona veraldarlöggu-Guð í karlkyni eintölu er hlýðnitæki



persónugervingur manna valds.



Lifa skyli eigin örlög, ekki annarra.

Alls konar misskilningur er í gangi meðal manna.



Örlög, sem menn kalla svo, er náttúrulögmál.

Við erum í kvenkyni fleirtölu.

Alltaf þrjár saman sem lögmálið.

Jamm og já.

Já, við erum aðeins náttúrlögmál.

Sjálfur leið þú sjálfan þig,

ekki vademecum heldur vadetecum -- ef þið talið latínu.

(ekki: fylgið mér (me),

heldur; fylgdu sjálfum þér (te), sjálfur leið þú sjálfan þig)

-Nú eruð þið að svara beint út.
Viljið þið útskýra frekar?

-Og jú og sossum.
Meira er að segja.
Hver maður er ábyrgur fyrir sér og framþróun.
Ábyrgur fyrir sér og sínum og öllum hinum.

Maðurinn ber ábyrgð á náttúrunni og á lífi öllu á jörðu.

Allir eru ein heild, svinnurinn mikli.
Án hans fær ekkert staðist,
án næringar úr svinni verða gjörðir máttlausar og rangar.

Meiðmar (36., 31.) eru nauðsyn.
Gjöf náttúrunnar skal gjalda ef vináttu hennar á að halda.

Menn skapa framtíðina,
Framtíðin skapar ekki mennina.



Þeir sem gera góða hluti skapa góða framtíð.

Þeir sem stunda sína són
og færa náttúrunni gjafir hennar til baka með því (36.) að fremja iðla sína
valkyrju,
-- fórna sjálfum sér, gefa sjálfum sér sjálfan sig, gefnir Óðni --
þeir menn gera sér og sinni þjóð -- og heimi öllum --
góða framtíð.


Þeir sem eigi gera svo, eru þjófar, skapa slæma framtíð.
Gjöf skal gjalda, gjafir náttúrunnar geldur maðurinn með són.

Framtíðin er í höndum mannanna hverju sinni.

Einfaldasta leið manns til að bliðka Skuldu er að sóast og vígja sig
tæran. (31.; Syn 6.)



Einherjar taka ekki inná sig sína Skuldu, þótt hún komi.
Huginn og Muninn ekki heldur. (30.)



Við að vera í eind, þ.e. að sameinast vitund reglulega,
hreinsast gruggur og streita úr skilningarvitum og taugakerfi (31.).
Þá verða gjörðir í lífinu í þundarflæði, uppi halda þróun.

Þeir sem eigi kuna að sóast eiga óvini,
einkum eiga þeir sín eigin skilningarvit sem óvini.

Þeir eru sem afskorinn kvistur.
Maður sem eigi hnýsist niður er sjálfs sín óvinur.



Hið eina sem þarf að sigra er maður sjálfur.

Allar gjörðir ósvinnra manna verða hans óvinir og koma til baka sem slíkir. Þjáning og ófarir.

Gott er að gera góðverk af ásetningi og yfirlögðu ráði
en ekki til þess að skapa sér góða Skuldu
því það er sjálfselska og virkar því ekki sem skyldi.

Enn betra að vera einherji og gera góðverk af náttúru sinni.



grilluð fræ

bál þekkingar Ullur उलúl (4.)

ónýtur vítahringur gjörða áhrifa nýrra (4.)



Gymirgarðarnir mínir !!! / paradísín mín!!!

Gjörðir eru framkvæmdar með skilningarvitum og skynfærum,
tærir menn gjöra rétt,
tívatún (5.) er þeirra völlum til að vinna útfrá.
(31.,) birtan innra, ragnasjöt,

Ósvinnir menn, sem eigi sóast, framkvæma rangindi.
Þeir styðja ekki þundu og hafa ekki stuðning þundar. (28.)

Þegar hlömmuður blæs í móti hrörnar þöll súð stendur þorpi á.
Þá þarf rætur yggdrasils og manntrejanna (3.,) til að nærast og standast.



manntreñ þurfa næringu



hrörnar þöll þorpi á er gnauða veraldarvindar

Ósvinnir menn gera mistök, og það er sárt.




Ekki er mannlegt að skjátlast,
en gruggugu fólki skjátlast,
og sá inn gruggugi getur ekki borið nafnið maður.


Hinn altæri maður sem ekki gerir mistök, er hinn eini sanni maður.


Til er náttúrulögmál um að hver gjörð (Urður) á sér mótgjörð (Skuldu).
Hver minnsta hugsun er Gungnir sem settur er af stað.
Erfitt er að henda reiður á þeirri Gungna-flækju.

Lögmálið er að hver gjörð eða orð eða hugsun sem sett er af stað kemur
til baka í hausinn á manninum, gott sem illt.
Jamm og já.
Örlög seggja skópum í árdaga og gerum enn.



Hver hugsun og gjörð verður sending.
Mannanna gjörðir, okkar úrvinnsla.






Allt kemur í hausinn á manni.
Sáum og uppskerum.

Gjörð aflækjan er óleysanleg fyrir mannlega greind.
Aðeins við skiljum Urði Verðandi Skuldu hvers manns.

Gjörð (Urður)
sem einhver hefur sett af stað (Verðandi)
kemur til baka (Verðandi) til hans
fyrir eða síðar (Skuld).
Nú eða til niðja hans,
ef ekki til hans sjálfs í þessu eða næsta lífi hans, eða einhvern tíma í
einhverju næstu lífa.
Það held ég nú.



Hver er sinnar gæfu smiður. Enginn má sköpun renna.
Hefur sáð mun uppskera þannig.

Hafi einhver komið af með illvirki óséður,
fæðist hann sem fórnarlamb þeirra,
fer frá Helju okkar yfir í Skuldu sína í lífi á jörðu.
Nauðsyn er því að verða æ þróaðri til að sjá slíkt í réttu samhengi
og geta tekið því einsog maður.

Nauðsyn er því að vanda vel til verka,
en gæði hugsana og verka eru afleiðing gæða mannsins sjálfs.

Tær maður hugsar skýrt og týrétt.

Allt þarf að afgreiðast,
en altær uppljómaður maður fremur ekkert rangt,
gerir enga skekkju,

og þarf ekki að fæðast til slæmrar Skuldar sinnar því engin slík er lengur.

Hann myndi aðeins fæðast til að hjálpa framþróun.

-Karma, karman, þýðir aðeins gjörð कर्मन्.

En þið eruð allur þakinn?

karma raunar notað yfir allan þakkan líka?

Væri ekki rosalega gott að allir menn - og einkum öll börn - skyldu þetta lögmál?

-Jamm og já. Allur þakinn.

Það sjá nú ekki allir menn.

Verða pirraðir og kenna öðrum um.

Kenna kringumstæðum um.

Það er alveg úti Hróa.

Menn verða að taka örlögum sínum einsog þau koma,

og skilja hverjum er að kenna eða þakka.

Þeir hafa ekki Guðmund um hver setti þetta vesen af stað.

Ekki þýðir að kenna öðrum um kringumstæður

og trú á svokallaðar tilviljanir.

O nei og sussu nei.

Engin guð standa í þessu.

Þau eru forsetar náttúrulögmálanna.

Standa nú ekki í karma eða sankti Pétri með registrið sitt og hliðvörzluna sína.

Sköpun er aðeins þetta lögmál sem manngi má renna.

En Syn okkar (6.) er síá sú sem hleypir inum tæra manni inn í Glasi, og þá sprellum lifandi manni.

Syn og Glasir gæti hafa ruglað saman við Gullna hliðið og Pétur greyið -- Pétur þá sem sálnasíu dauðra manna, við dauða búkanna, kjöts Gera og Freka (22.),

en það sálnamál er nú mál Heljar (13., 22.) sem tekur við öllum gengnum sem enn eiga eftir að afgreiða Skuldu.

Einhverjir eru ranglega að innprenta að menn eigi aðeins eitt líf, en í raun eru 3.000.000 æviskeið eða 4.000.000 æviskeið að baki, þegar loksins einhver fæðist sem maður. Og það er dýrmætt að fæðast maður.


Svo aftur og aftur sem maður.

Þeir kallast menn (11., Rígur) -- en sumir svokallaðir menn eru andlega vanþróaðir




ganga að vísu uppréttir á tveim jafnfljótum,
hafa háþróað mannlegt taugakerfi
sem þeir kunna ekki með að fara,
eru nýkomnir af dýrastiginu (-- ásamt goggunarröðinni)
og geta varla borið heitið „maður“ (-- og kunna ekki með frjálsan vilja að
fara).

Kafna undir nafni.



En sumir, aðrir, eru andlega háþróaðir, nærri því uppljómaðir,
eða alveg uppljómaðir. (11., 30.)

Þeir lifa Valhöll eftir ótal æviskeið og fenginn skilning,
og leit að sannleikanum. (30., 31.)



Einhæf og röng innprentun um „eitt líf“ veldur óþarfa þjáningu.
Slíkt köllum við skilningsleysi.
Álíka þröngsýni og tal um „flata móður Jörð“.

Lífssýn fornra siða er sko allt önnur:

Rétt einsog sólin kemur upp og sezt -- og enginn efast um að þetta er alltaf sama sólin og að jörðin er kúla og snýst -- fæðast menn og deyja, fæðast og deyja.

Og hver og einn er alltaf sami maðurinn.

Einstaklingsvitund er getin í nýjan bók, eftir að hinn gamli ræður ekki lengur við sína Urði Verðandi Skuldu, er lagður niður og fer í endurvinnsluna. (22.)

Með yagdñyum má forða sér frá illu,
yagdñjur eru ráðið. Þær eru framkvæmdar af pönditum,

हेयं धुःखमनागतम् heyam duhkham anaagatam, vík brott illu ókomnu,
komið í veg fyrir þá illu Skuldu sem er á leiðinni til ykkar.

Kannski svipað og landvættirnar vinna fyrir Ísland þegar óvinir koma.

Með samræmi og réttum Gungni er illu ókomnu bægt frá.



-En til hvers lífa lífverur?

Verðum við að fæðast til okkar Skuldar eftir allt sem við erum búin að klúðra í myrkri vankunnáttu okkar?

-Fæðast til að þróast til fullkomnunar.

Síðhöttur (29.) Siddharta

fullkomnun sem markmið, siddh fullkomið, artha markmið.

Viss er dauði þeirra sem lífa,

viss er för manns úr hverjum sínum kroppi til Heljar,

og visst er enn ein ævin þeim sem úr sínum kroppi deyja,
afturhvarf frá Helju til mannheima,
eigi þeir Skuldu að gjalda.

Allir eru alheimsvitund.

Vitund hvers einstaklings er hún í raun: raunveran, grundvallar-
raunveruleikinn, ginnungagap, samsvið náttúrulögmálanna.

Það er kynlaust.

Og hlustið nú t.d. á þetta eldgamla velskiljanlega sjónarmið:

Þegar einhver hefur fæðzt sem karl síðustu 10 - 20 æviskeið eða svo,
fer svo að fæðast sem kona til tilbreytingar og til jafnvægis,
valda vani og minni því
að „hún“ laðast að félaga í konulíki.
Ekki farin að venjast þessu á þessari nýju ævi.
Og sömuleiðis:

Þegar einhver hefur fæðzt sem kona kannski síðustu 10 - 20 ævir,
fæðist svo og nú sem karl til jafnvægis og tilbreytingar,
valda minni og vani því
að „hann“ eltist við félaga í karlmannslíki.
Ekki farinn að venjast þessari nýju ævi.

Ofur einfalt í okkar huga,
en eitthvert skápamál hjá bókstafstrúuðum
sem telja mönnum trú um eitt jarðlíf.

Hnöggvi mikil sú skoðun.

-- Enda tímapressutæki í iðrunar-kerfinu.

Meiri áhyggjur þarf að hafa af mönnum sem eru algjörar skepnur.
Meiri áhyggjur ætti að hafa af þeim sem fæðast menn en eru á lágu
vitundarstigi.

Þeir ganga á tveim, hafa hæfileika til að hugsa með rökum og skilningi,
eiga dýrmætt mannlegt taugakerfi -- en hegða sér enn einsog skepnur.

Rígur, 11.



Aumingja fólkið að trúa bókstafstrúarmönnum og rangri innprentun sem uppfundin er til að ná tökum á óupplýstum mönnum.

Allir menn læri TM®-tæknina og TM-vitundarvísindin, SCI (science of creative intelligence), iðki samsviðstæknina TM® til þess að gera taugakerfi sitt tært og streitulaust.

nirvartatvam निवर्तध्वम्

sóa sér skyli hver og einn

Þá fyrst geta menn borið nafnið „maður“ með rentu.



Engu máli skiptir hvaða merkimiða hann limir á sig í trúmálageiranum, því hér eru allra manna vitundarvísindi.

Trúmál koma þessari vitundarvísindavizku ekkert við, nema hvað grafa má upp anga af þekkingunni miklu í hinum og þessum kerfum.

Allt er meira og minna byggt á ævafornum vitundarvísindum og vísar í þau.

Sem betur fer er heiðni ekki kerfi, ekki bókstafur, ekki trú, aðeins þekking og skilningur,

-- sem við verðum að endurheimta --

og nú höfum við tæknina til að lifa Glæðheima og Ægi, komast í Valhöll.

Vertu án Gunnanna þriggja tvisvar á dag alla ævi,

nistraigunyo bhav निस्त्रैगुण्यो भव्

og framtíð muntu skapa þér og veröld hjarta og góða. Tilhlökkunarefni.

-Og hverjum er þá raunverulega að kenna eða þakka þegar menn fá þakka? Fæðast til sinna mótgjörða? Aðeins hverjum og einum sjálfum?

-Hverjum og einum sjálfum,
en heilar þjóðir eiga sér örlög, heilu fjölskyldurnar einnig.

Það rignir jafnt á réttláta sem rangláta,
sem hlýtur að þýða ranglátt fólk nýtur einnig ins yndislega vökvandi
regns sem jörðin þarf alltaf.

Réttlátir og ranglátir, já,
heil þjóð á nefnilega sína Urði Verðandi Skuldu
svo syndir og góðverk feðranna komast til skila í heilum þjóðarpakka,

en hver þjóð fær þá ráðamenn sem hún á skilið að hafa,
og það fer eftir vitundarstigi þjóðarinnar hver og hverjir veljast til að ráða.

Eigi eru lög sett af mönnum týrétt,
eigi eru þau í samræmi við stjórnaðskrá alheims, tívatún,
nema sett séu af uppljómuðum.

Menn ættu ekki að reyna að flýja örlög sín heldur taka þeim.
Allt er rétt sem við stöllumur gerum, þetta með þakka.
Allt er einsog það á að vera.



Afgreiða ætti hver og einn sína Skuldu.

Einnig fjölskylda er Skylda, Skuld.
Allt er einsog það á að vera.

Hver maður velur sé að fæðast í fjölskyldu þar sem hans Skylda og
Skuld, fjölskylda, bíður hans.

Slæm er Skuld þeirra sem fæðast til að vera götubörn, allslaus, ekki
elskuð, og lenda í hörðum heimi,
en fjölskyldurnar eru einnig misjafnar (10., heiðið uppeldi.)

*-Enginn ræður sínum næturstað, segja menn sem máltæki.
Menn eru ráðvilltir og vanmáttugir í gjörðafækjunni -- ef þeir fremja ekki
sína valkyrju.*

Einsog t.d. þetta sem Goprun spyr ykkur um, og segir dæmi um sig:

Hlustið á þetta:

Ég hélt mig breyta með góðri vitund og frjálsum vilja.

Ég ákvað stað og stundu,
en það var þá til þess eins að mæta Skuldu minni. Maður nokkur var
„burðardýr“ grimmra örlaga.
Lendir hann svo í sinni Skuldu síðar fyrir vikið?
Biður hans slíkt hið sama?

-Já, en þetta átti nú ekki vera sálfræðiviðtal, ljúfan.

Kennið ekki þeim sem flytur ykkur Skuldu um allan pakkann,
því reiði á ekki að beinast að burðardýrinu heldur dópsalanum sjálfum.

Það er betra að vera réttur maður á réttum stað en vera rangur maður á
röngum stað,

en gahanaa karmano gatih गहना कर्मनो गतिः

það segjum við við mennina.
Allt of flókið mannlegum heila.
Órannsakanlegar eru götur(vegir) karma (gjörða götur).

Vegir Urðar Verðandi Skuldar eru torskildir og valda stundum pirringi
þeim sem ekki skilja náttúrulögmálin.

Hver og einn þarf að vígja sig tæran,
ekki burðast með reiði og ásakanir.

Athugið einnig svolítið sem okkur finnst fyndið:
-- fyrirgefning, afsökun, á sér neikvæða forsendu!

Sá sem afsakar hefur ásakað,
og ásökun er ekki góð,

sá sem fyrirgefur finnst að eitthvað sé öðrum að kenna
og lélegt er að telja annan hafa gert á sinn hlut; -- Fýla.

Þykjast vera mikill með því að gefa öðrum upp sakir.

Hvaða sakir??



Hver ákveður hvað er sök?

Af-sökun og fyrir-gefning eru því mannanna eigin gruggur og sjálfsmeðaumkun,

-- „og ég sem var svo góður, ha?“



að læða inn sektarkennd



Það sem við berum til baka til manns eru hans eigin fyrri gjörðir.

Einfalt er að losna úr þeim vítahring.
Á fleyi þekkingar siglir maður yfir alla sjói.

Byrðar eru ímyndun hins ósvinna manns.
Beríð ekki byrðar, hvorki ímyndaðar eigin, né ímyndaðar hvers annars.
Tröll,
tilbúningur,
kjánaskapur,
blinda.

Órannsakanlegar eru götur karma (/gjörða),
vegir Urðar Verðandi Skuldar eru allt of flóknir mannlegum heila.

Endilega öðlist tilfinningalegt alfrelsi!!

Verið heldur ekki burðardýrin fyrir illar gjörðir.
Bezt er fyrir okkur að menn bæti fyrir brot sín,
og fremji engin ný.

Maðurinn hefur frjálsan vilja,
á að heita viti borin vera,

örlögin stjórna honum ekki,
hann stjórnar þeim.

Hver og einn ætti að vita og hugsa svo:
Ég er alábyrgur.
Ég vel mér foreldra og stað og stundu, samferðamenn og atvik.

Það er alröng innprentun í gangi um hefnd og hegningu einhvers alvalds.

Það skapar reiði og illan hug til einhvers,
eða undirlægjuhátt og þýlyndi,
eyðileggur mannlega reisn og mannsins guðlega frjálsa vilja.

Maðurinn verður stikk frí, óábyrgur leiksoppur örlaga sem hann skilur
ekki,
og það er ógott.

Og ekki tekur betra við þegar sálfræðingar byrja að kenna æskuheimilis-
aðstæðum um hvernig komið er fyrir taugaveiklingum.

Fyrirgefa?
Fyrirgefa hverjum hvað?

Ásökun er forsenda afsökunar,
og álösun forsenda fyrirgefningar.

Fyrirgefning er meingallað hugtak.
Ásökun og álösun á aldrei að koma til.

Þarf aldrei að koma til ef þekkingin mikla er börnunum færð.

Sem betur fer er heiðni þekking og skilningur,
ekki kerfi eða predikanir.

Hver og einn þarf að leiða sjálfan sig,
og hver og einn þarf að hafa aðgang að þekkingunni með því að læra að
sóast.



Næring úr ginnungagapi er grunnurinn í öllum trúarbrögðum.

Sá sem ekki nærir með tækni sem virkar
er sem visinn kvistur og er á eld kastað,
ævi er á glæ kastað,
og manngreyið fæðist næringarlaus til síns karma á ný,

og þannig áfram ef engin næring berst úr Yggdrasli í greinina,

yfir kommóðuna miklu, einsog Þjóðvitnir kallar það, (4.)
í endaleysu,
æviskeiðum á glæ kastað.



-Börnum er sagt: Guð sér til þín, alltaf, því hann er alls staðar.

Barn, verður augnakarl við, eða amk meðvitað um, þessar meintu njósnir Guðs, reynir að fela illar gjörðir í skúmaskotum lífs síns, framkvæmir það kannski samt og setur upp þjófsaugu, efast um að Guð sé góður því hann er að njósna um misferli og sanktiPétur að skrifa niður allt pukrið, og grafa það upp og senda í hausinn á manni þegar maður er dauður, en þá er maður dauður, og dauðum manni er sama um syndaregistur, sem gæti verið bull og grýla sem fullorðna fólkið býr til. Kannski hefur Guð alls ekki tíma til að vera alls staðar í einu hvort eð er og svona löggustörf ganga ekki upp við að Guð sé algóður.

Ekki er hægt að plata Guð, segir Páll í testamentinu frá Róm, og svo sem maður sáir verður það sem hann uppsker. En skilja börnin nokkuð hvernig þetta virkar?

Svona fer þegar Guð er sett(ur) í öll möguleg hlutverk sem í raun heyra engum guði til, heldur eru í höndum Gunnanna þriggja og ykkar þriggja, Urður Verðandi Skuld, í höndum mannanna sem hafa frjálsan vilja og bera ábyrgð á sjálfum sér og allri náttúrunni okkar.

Krakkar gætu farið að hugsa: þessi Guð er ósanngjarn og duttlungafullur, hann gerir upp á milli okkar. Ég er góður en samt er hann ekki góður við mig, þessi þarna er vondur og samt lætur Guð allt ganga honum í haginn.

-Hver ákvörðun er talin rétt þegar hún er tekin, og hver maður er ábyrgur ákvarðana sinna og gjörða. Vanda skal því vel til verka, og ekki klóra yfir betri samvizku. Gripa til smáskreytni.



Gæði ákvarðana fer eftir gæðum þess sem hana tekur.

Ákvarðanir ráðamanna fara eftir vitundarstigi þjóðarinnar.

Ákvarðanir sem teknar eru, eru ekki vissulega hinar réttu

-- þótt þær séu taldar svo vera, og þess vegna teknar.

Þetta á við hvern óuppljómaðan mann.

Ákvarðanir litast af fræjum minnis annars vegar



sjá 4., Þjóðvitnis vítahring, falin fræ

og tærleika/gruggi manns hinsvegar (31).



Maður með svört gleraugu í þoku sér ekki vel bláu fjöllin í fjarska, frekar en maður í gruggi (sjá 1. og 32., tröll, og 31., tært taugakerfi) sér sannleikann og heildartilgang gjörða sinna.

Hann fer því oft villur vega og rambar ekki á réttu gjörðinar.

Tærleiki hugsana fer eftir vitundarstigi þess sem hugsar.

Gæði hugsana fara eftir vitundarstigi hugsandans.

Börn þurfa að skilja hvernig andstæður í lífinu,

allt tvíeðlið í verslu,

allt hér í skapaðri veröld, -- veldur óöryggi.

द्वितीयाद्वै भयं भवति dvitīyad vai bhayam bhavati

tvíeðli hinnar sköpuðu náttúru veldur æ óöryggi og ótta.



Hið eina sem öruggt er í verslu er sífelld breyting og óvæntar upptakomur.

Jafnvel náttúruhamfarir (36.) eru afleiðing uppsafnaðra illra gjörða mannanna (Fenris fitaðs, 16.),

og afleiðing þess að menn stríða gegn náttúrulögmálunum okkar.

Dag eftir dag, ár eftir ár, er níðst á náttúrunni,
og á endanum springur hún,
og þá segja menn: við verðum að berjast við náttúruna!!!

dobbiamo combattere la natura!!! sögðu þingmennirnir,
--- sem er jafn vitlaust og stríð gegn stríði.

Og einnig segja menn:
laun heimsins eru vanþakklæti,
og það spannar meint góðverk sem enginn kann að meta og hinn góði fær
aðeins óþökk fyrir vikið.



En við stöllum til sjáum til að hans góðverk (Urður) koma til baka til
hans (Skuld) þótt síðar verði
(Verðandi, tíminn sem líður og tíminn sem verður hinn fyrirsjáanlega
rétti til endurgreiðslunnar).

Það borgar sig að gera góðverk í flæði með lögmálum náttúrunnar
(sjá 28. um Þundu).

Borgar sig fyrir börn að skilja hið sanna í öllum heims málum.
Læra lífssýn forfeðranna.

Heiðni er heilbrigð lífssýn.

Lögmálið um gjörð og gagngjörð, Urði Verðandi Skuldu, orsök og
afleiðingu, er alltaf sanngjarnt og alltaf rétt.



Eina leiðin til að skilja hið sanna er að verða tær maður.
Einherji (sjá 15. og 31.).

Þá verða allar ákvarðanir Týrættar. (Sjá 16. og 28.)

Eyðilegging, og truflun á þróunarferli, veldur sársauka og þjáningu.
Hvað eina, sem styður framþróun og líf, leiðir til hamingju.

Menn skilja ekki hvernig hver og einn er sinnar gæfu smiður.

Þjáning er eigin verknaður að koma til baka til gjörandans.

Lifið í sátt við guðin, forseta lögmálanna, í flæði með þeim.
Þundarflæði náttúrulögmálanna (28.) er í átt til framþróunar.
Þróun er ætíð áfram, aldrei aftur á bak.
Stríðið eigi gegn lögmálum náttúrunnar. Aldrei.

-Eruð þið þá eingöngu þetta lögmál um gjörðir og jafnar mótgjörðir?

-O, jú jú.

Aðeins náttúrulögmál þetta.

Persónugervingar þess.

Vegir gjörða eru órannsakanlegir.

Enginn maður hendir reiður á þessu.

Aðeins við, því við erum náttúrulögmál.

Menn verða að segja: gahanaa karmano gatih

gahana (djúpt, þykkt, torskilið) karman (gjörð) gatih (götur, vegur, leið).

Maðurinn er slíkur rugludallur á stundum að hann skilur ekki
afleiðingar gjörða sinna.

Hann verður aðeins að vanda hverja sína gjörð, því afleiðingarnar ræður
hann ekki við vegna gjörðaflækjunnar og þústranna sem þar eiga sér
stað.

Margtúlkaður veraldarvafsturs-Guð er ekki lögmál heldur torskilin
heimspeki, eða gamalt Guð-veldis-tæki.

Hann býr ekki til örlög manna. Ekki frekar en sankti Pétur sem er þarna
registur-haldari við hliðið fræga.

Menn þurfa að fara að skilja hvað er Guðs vilji.
Það er þundar flæði og framþróun. Ekki annað.

Við búum ekki til örlög heldur,
þótt örlaganornir séum við kallaðar á stundum,
heldur hver maður sín.

Eigi skyli nokkur maður reyna að umflýja sína Skuldu, því enginn má
sköpun renna.

Og engin guð búa til örlög,
engin guð stjórna lífi manna,
heldur verður hver og einn maðurinn að stjórna sínum örlögum,
sínum gjörðum, hugsunum, vilja, löngunum.
Engin guð hegna, engin guð umbuna.
Svleiðis Guð er hlýðnitæki.

Aðeins erum við náttúrulögmál, jamm og já,
og sá sem lifir í þundarflæði með framþróun er í góðum málum. (28.)

Sá sem stríðir gegn náttúrulögmálunum og níðist á náttúrunni er í
vondum málum. (36.)

Sá sem truflar þróun annarrar lífveru, hleður upp synþ.

Alls konar misskilningur er í gangi meðal manna.

Örlög, sem menn kalla svo, er ófrávikjanlegt náttúrulögmál.
Já, við erum aðeins persónugervingar náttúrulögmáls.

Sumir segja: Yes, fate. I know what fate is.
en orðið ör hefur ótal merkingar
orðið lög hefur ótal merkingar
hversu margar merkingar hefur þá samsetning ör-lög???

Helja er engin endanleg lausn, kjaftfora litla, og gráu bætir oná svart að
svipta sig lífi.
Skilnings er þörf ýta sonum.
Þeim eru þörf er þiggja.



„yfir kommóðuna miklu“ Þjóðvitnis

með minnisfræjapokann, (skræða 4)
og við taka endalausar kommóður.
Sjá og 13., um Helju og fræ minnis milli æva.

Sá sem fyrir einelti verður í skólanum þarf að skilja Urði Verðandi
Skuldu.
Skilningur á fyrri lífum og fyrri gjörðum og afleiðingum þeirra er
lífsspursmál.

*> Snáksí minn, sagði vítringurinn. Ég bað þig um að bíta ekki, en
ég sagði aldreí að þú skyldir ekki hvæsa og hvíssa og híssa á
strákabjánana.*

*-Og hverjum er þá að kenna eða þakka?
Aðeins hverjum og einum sjálfum?*

-Menn ættu ekki að reyna að flýja örlög sín heldur taka þeim.
Allt er rétt sem við gerum.
Allt er einsog það á að vera.
Afgreiða sína Skuldu.
Einnig fjölskylda er Skylda, Skuld.
Allt er einsog þá á að vera.
Hver maður velur sé að fæðast í fjölskyldu þar sem hans Skylda og Skuld
bíður hans.

Jafnvel ákvarðanir sem hann þykist vera að taka af frjálsum vilja sínum,
geta verið litaðar af fræi minnis.

Skiljið samhengið, góðir menn,
ekkert er einangrað fyrirbæri í heimi, né í alheimi,
því mennirnir eru vasaútgáfa af alheims skipulagi vitsmunalega
reglu settu.

Svinn og ránin er alls staðar að finna.
Svinnur óræður, ránin reglan.

Ægi og Rán (2.) sem eru
hið óræða, og hið fullkomna skipulag þar.

Ekki skyli neinn maður berjast á móti neinu eða neinum sem kemur inni
líf hans.

Ekkert ætti að vera að reyna að afneita því sem berst.
Með því væru menn að afneita sjálfum sér

þar eð hvert einasta atvik sem mennirnir lenda í er þeirra, hvers og eins,
eigin gjörð
komin til baka til gjörandans, þess er skapaði sér þetta.
Enginn má sköpun renna, segir þar,
og er mjög svo satt, því
allt og allir eru hluti af heildinni, og
með því að afneita sköpun sinni,
-- en þau sköp eru mannsins sjálfs verk --
eyðileggur sá heildina, sem allir eru, heildina sem náttúrulögmálin stýra.

Þau eru ósigrandi og fullkomin.
Eilíf og óumdeilanlegur ægikraftur.
Ekkert utanaðkomandi þurfa þau sér til viðhalds og framkvæmda.

O, jamm og já.
Það held ég nú.

Hvert eitt atvik sem truflar flæði þeirra veldur mótgjörð sem þjáningu,
hvert eitt atvik sem styður þau kemur til baka sem meðbyr í lífinu,
sem hamingja,
allt í nákvæmlega sama magni og sú gjörð sem framin var,
því hún hleypir af stað þessu náttúrlega ferli um mótgjörð að jöfnu.

Lítillmannlegt er að reyna að renna sköp sín,
og ber vott um skilningsleysi, ekki endilega heigulshátt.
Afleiðing afneitunar er þjáning -- jafnvel meiri er efni standa til.

Þegar skilningurinn eykst,
fara menn að skilja samhengið.

Hægt er þó að milda Skuldu með yadñjyu
en Skuld er Gungnir einsog annað í heimi.

Með mót-Gungni, sem pönditar kunna, mætir slæm Skuld tíðni og
bylgjum sem afstýra henni, milda hana, upphefja hana,
gera hana að engu.

heyam dúhkham anaagatam हेयं धुःखमनागतम्
komið í veg fyrir ókomið slæmt sem er á leiðinni til ykkar,
með Gungni úr Iðavöllum, innan lögmálsins sem við erum.

Menn geta einnig notað Ull, bál þekkingar,
og hans ráð um að að nýsa niður reglulega
virkar einsog kæna sem siglir allar öldu Ægis farsællega.

Með kænu þekkingar fleytir maður sér yfir ólgusjó gjörðanna í heimi.


Margir saman í TM-sidhi prógrammi og yogaflugi mynda Meissner-áhrifin, og Maharishi áhrifin margfrægu.

Einn í TM-prógrammi gerir sjálfum sér gagn, líkama sinn heilbrigðan, huga sinn tæran,

margir saman vald veldisvisishækkani áhrifum um alla vitund.

Séð úr gluggum Valhallar er Skuld eðlileg,
og ekki þykir á þeim bæ nein ástæða til að æðrast yfir slíkum eðlilegum
sendingum sem einu sinni hafa verið skapaðar og hlíta sínu lögmáli um
endurkomu til upptaka þeirra:

til mannsins sem verkið framdi í fyrndinni.



áhrif fara eftir vitundarstigi manns



hinn eiginlegi „ég“ er þögult vitni

Gott er að hafa djótish, til að reikna út hvers konar skuld er á leiðinni,

og til að finna út hvert er besta dharma sem maður ætti að lifa á þessari ævi.

Hægt að reikna út allt ferlið -- einsog verksmiðjueigandinn sem gengur
að færibandinu veit nákvæmlega hvar í ferlinu hann er staddur, hvernig
það hófst, hver verður endanleg útkoma framleiðslunnar (22.).

heyam dúhkhām anaagatam हेयं धुःखमनागतम्

Yadñjyū-tækni (35. um hljóð og efni) kunna hinir fróðu pönditar,
sérfræðingar í vedum,

Gungni kunna þeir margan sem upphefur slæmsku þá sem er á leið til manna, þannig að til slæmrar Skuldar kemur eigi.

Ævaforð háþróuð leið til að hafa áhrif á Gungni.

Aðeins úr því sviði sem allt er út komið er hægt að framkvæma þetta.

Þaðan eru lögmálin, þá auðvitað Urður Verðandi Skuld sem eitt þeirra, eitt náttúrulögmál.

En auðvitað er tívatún sjálft meiri kraftur en lögmálin sem úr því koma.

Skiljanlegt.

Já, gott er að hafa yadñjyu-kunnáttuna.

Aðeins úr því sviði sem allt er út komið er hægt að framkvæma þetta.

Yadñjyur geta bjargað einstaklingun og heilum þjóðum frá þeirra Urði Verðandi Skuldu.

Það held ég nú.

Menn ættu að finna þann Gungni sem Verðandi er að senda okkur, og milda Skuldu sem er að koma.

Yadñjya er hljóð, Gungnir, titringur og bylgjur úr grunnsviðinu sjálfu. Þær hafa hárnákvæm áhrif.

Einni geta þær eflt ágæti framkvæmda.

Yadñjyur eru framkvæmdar úr tívatúni, í samræmi við þróun sem ætíð heldur uppi, -- Þundu sjálfa, dharma, og ætíð er til allra góðra verka vís.

हेयं धुःखमनागतम् heyam dúhkham anaagatam með þúndíta yadñjyu.

Já, gott er að hafa djótish, ज्योतिश् einnig til að finna sitt dharma í lífinu.

Sæl að sinni, litla vólva.

*-Blessaðar ætíð, Urður Verðandi Skuld.
Beztu þakkir.*



ISBN 978-9935-409-32-4

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lífa þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
